

## AUGLÝSING

### um staðfestingu félagsmálaráðuneytisins á byggingasamþykkt fyrir Raufarhafnarhrepp í Norður-Þingeyjarsýslu.

Samkvæmt lögum nr. 19 20 október 1905, um byggingasamþykktir, sbr. lög nr. 84 16. des. 1943, um breytingar á þeim lögum og skipulagslög nr. 19 21. maí 1964, hefur ráðuneytið í dag staðfest byggingasamþykkt fyrir Raufarhafnarhrepp í Norður-Þingeyjarsýslu.

Byggingasamþykkt þessi er í samræmi við fyrirmynd þá, sem félagsmálaráðuneytið hefur staðfest og birt með auglýsingu nr. 23/1967 í B-deild Stjórnartíðinda.

*Félagsmálaráðuneytið, 23. janúar 1969.*

F. h. r.

**Hjálmar Vilhjálmsson.**

*Hallgrímur Dalberg.*

23. janúar 1969.

Nr. 22.

## AUGLÝSING

### um skipulag á landi Reykjanesskóla, Reykjafjarðarhreppi í Norður-Ísafjarðarsýslu.

Að fengnum tillögum skipulagsstjórnar ríkisins hefur ráðuneytið, samkvæmt heimild í 4. gr. 2. mgr. skipulagslaga nr. 19 21. maí 1964, ákveðið, að ákvæði skipulagslaga nr. 19/1964 skuli ná til lands Reykjanesskóla í Reykjafjarðarhreppi.

*Félagsmálaráðuneytið, 23. janúar 1969.*

F. h. r.

**Hjálmar Vilhjálmsson.**

*Hallgrímur Dalberg.*

28. janúar 1969.

Nr. 23.

## REGLUGERÐ

### um fasteignaskatt í Eskifjarðarhreppi, Suður-Múlasýslu.

Fasteignaskatt samkvæmt 3. gr. laga nr. 51 10. júní 1964 skal innheimta með 200% álagi í Eskifjarðarhreppi.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 51 10. júní 1964, 5. gr., til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 28. janúar 1969.*

F. h. r.

**Hjálmar Vilhjálmsson.**

*Gunnlaugur Þórðarson.*